

Samþykkt um stafræn skilti í lögsögu Reykjaneshæjar

Umhverfissvið Reykjaneshæ, 18. desember 2019

Rafræn skilti

Leiðbeiningar um afgreiðslu á umsóknum fyrir rafræn tilkynninga- og auglýsingaskilti í Reykjanesbæ.

1. Formáli

Stafræn skilti hafa verið að ryðja sér til rúms og eru orðin áberandi í byggðarumhverfinu. Þau þjóna vel sýnu hlutverki sem er að koma á framfæri auglýsingum og tilkynningum en eru þar af leiðandi áberandi og geta verið til ama.

Umhverfis og skipulagsráð Reykjanesbæjar setur hér fram leiðbeiningar um fyrirkomulag, tæknilegar kröfur, mögulega staðsetningu og afgreiðsluferli svo jafnræðis sé gætt milli umsækjanda.

2. Markmið leiðbeininga

Skilti séu íbúum bæjarins ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd bæjarins.

Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjanesbæjar þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.

Að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna um skilti.

3. Umsóknir og afgreiðsla

Byggingafulltrúi veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn fylgir þessum leiðbeiningum og umhverfis- og skipulagsráð hefur veitt samþykki sitt.

Um leyfisveitingar gilda ákvæði byggingareglugerðar um hönnun, framkvæmd og eftirlit

4. Skilmálar

Til þess að koma í veg fyrir að skilti ógni öryggi vegfarenda eru ákvæði um fjarlægðir skilta frá gatnamótum og vegbrúnum, tíðni skiptinga á myndum, hámarks ljóma skiltis og fleira. Einnig eru sett ákvæði um stærð og staðsetningu skilta í bæjarumhverfinu.

4.1. Öryggi vegfarenda

Leita skal umsagnar veghaldara séu skilti áberandi frá vegini. Staðasetning skilta við vegi og gatnamót skal ekki vera til þess að skyggja á eða hafa truflandi áhrif á umferð akandi eða gangandi. Staðsetning skal ekki verða til þess að skerða möguleika til viðhalds eða framkvæmda við götur.

4.2. Umhverfi og ásýnd bæjarins

Hámarks stærð skilta er $25m^2$ stærð miðist við aðstæður og séu ekki stærri en svo að þau skili hlutverki sínu og verði ekki meira áberandi en þörf er á. Almennt er miðað við að ekki séu fleiri en eitt skilti á lóð nema annað komi fram í deiliskipulagi.

4.3. Staðsetning

Skilti eru heimil á atvinnusvæðum, opnum svæðum og miðsvæðum þar sem það á við og samkvæmt ákvörðun umhverfis og skipulagsráðs. Stafræn skilti og önnur upplýst skilti eru

ekki heimil á íbúðasvæðum. Ekki er leyfilegt að stafræn skilti vísi að íbúðarhúsnæði eða þar sem fólk sefur.

4.4. Skipulagsmál

Íbúum skal vera kynnt fyrirhugað byggingarleyfi fyrir skilti þegar heimild er ekki til staðar í deiliskipulagi og íbúum veitur 4 vikna frestur til andmæla. Umhverfis og skipulagsráð taki afstöðu til andmæla og miði heimildir við þá niðurstöðu.

4.5. Tíðni

Skilti með hreyfimyndum eru ekki heimil. Tíðni milli skiptingu myndefnis, eða þess sem skiltið miðlar er að lágmarki 10 sekúndur.

Heimild er til tímabundinna undantekninga frá þessu ákvæði, en leyfi til undantekninga verður metið í ljósi tilefnis og áhrifa í hverju tilfelli fyrir sig.

4.6. Önnur lýsing

Ekki er leyfilegt að vera með á eða í skilti, blikkandi ljós eða ljósgeisla sem beinist í átt að vegfarendum eða að íbúðarhúsnæði. Ef um utanáliggjandi ljósgjafa er að ræða skal koma ljósgjafanum þannig fyrir að ekki sé horft beint í hann frá neinu sjónarhorni.

5. Lýsing

Hámarksljómi stafrænna skilta þegar myrkur er úti skal miðast við töflu 2 en taflan miðast við meðalljóma skiltis.

- 5.1. Þegar stafræn skilti eru sett upp skal framkvæma ljósmælingar sem hjálpa til við að stilla skiltið rétt með tilliti til umhverfisbirtu svæðisins. Þegar ljósmælingarnar eru framkvæmdar skal hafa í huga hámarksljóma sem kemur fram í töflu 1 og glýju sem skal ekki fara yfir 28 UGR.
- 5.2. Þegar ljósmælingar á skiltum eru framkvæmdar skulu tekna myndir þegar myrkur er úti með þar til gerðri ljómamyndavél og stilla skiltið á viðeigandi prósentei í samræmi við töflu 1.
- 5.3. Stafræn skilti skulu vera búin búnaði þar sem ljóminn lagar sig að umhverfisbirtunni jafnóðum.
- 5.4. Ljómi skilta skal ekki fara yfir 7.000 cd/m² þegar bjart er úti.
- 5.5. Stafræn skilti skulu vera stillt þannig að ef búnaður í því bilar dettur ljómi þess tafarlaust niður í 4% styrk eða minna.
- 5.6. Ef óþægindi skapast af lýsingu skiltisins verður þess krafist að eigandi þess fái til sín fagaðila til að framkvæma ljósmælingar til að stilla skiltið á viðunandi hátt. Ef ekki er farið eftir þeirri tilskipun áskilur byggingafulltrúi sér rétt til að slökkva á skiltinu á kostnað eiganda.

5.7. Birtustig allra skilta skal fylgja landnotkun sjá tafla 3.

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

• Virðing

• Eldmóður

• Framsækni

Tafla 2 hámarksljómi skilta þegar myrkur er úti m²

Mesti leyfilegi ljómi í cd/m ²			
Stærð skiltis	Umhverfisbirta lítil	Umhverfisbirta miðlungs	Umhverfisbirta mikil
<25m ²	50	300	500
>25m ²	-	200	300

Tafla 3 hámarksljómi skilta þegar myrkur er úti m²

Mesti leyfilegi ljómi í cd/m ²			
Svæði	Umhverfisbirta lítil	Umhverfisbirta miðlungs	Umhverfisbirta mikil
Svæði fjarri íbúabyggð	50	300	500
Svæði nærri íbúabyggð	-	50	200
Miðsvæði	-	200	300

6. KAFLI Hugtök og Flokkun:

Með orðinu **stafræn skilti** og **ljósaskilti** er átt við skilti þar sem form eða texti eru mynduð með ljósum, eða öðrum samsvarandi hætti.

Með **stærð auglýsingaskilta** er átt við heildarumfang auglýsinga, þ.e. heildarbreidd, heildarhæð o.s.frv.

Lýsingarhugtök:

Glýja: Ljómi frá fleti eða ljósgafa sem er umfram þann styrkleika sem augað getur aðlagast.

Ljómi: (cd/m²) ljósstyrkur á fleti í tiltekna átt.

Ljósdíóða: Ljósdíóða (led) er rafeindaíhlutur sem framleiðir ljós í hálfleiðaraefni. Með notkun réttra efnasambanda getur díóðan framleitt sýnilegt ljós af mismunandi bylgjulengdum.

Ugr

(unified glare rating system): stuðull sem segir til um magn glýju. Skali stuðulsins nær frá fimm og upp í 40, því lægri sem talan er því minni er glýjan.

Lög og reglugerðir

- Ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.
- Ákvæði 2.5 kafla byggingarreglugerðar nr. 112/2012 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.
- Ákvæði 5.3.2.3 gr. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.
- Ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013 gilda etir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.
- Ákvæði 90. gr. Umferðarlaga nr. 77/2019 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari
- Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum, gefið út af Umhverfisstofnun.
- Í þeim tilfellum þar sem samþykktir þessar stangast á við ákvæði gildandi laga, ákvæði gildandi skipulags eða skipulagsreglugerðar og/eða byggingarreglugerð, taka þær ekki yfir gildisvið þeirra.